

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## OLÍUBIRGÐARSTÖÐ SKELJUNGS Á AKUREYRI

<b>Dagsetning</b>	13. september 2011	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Skeljungur hf.	<b>Starfsleyfi, gildir til</b>	31. janúar 2018
<b>Heimilisfang</b>	Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	590269-1749	<b>Fulltrúar fyrirtækis</b>	Aðalsteinn Árnason
<b>Isat nr.</b>	51.51.0	<b>Staðsetning starfstöðvar (hnit)</b>	N65 42,234 V18 07,105
<b>Starfsemi</b>	Heildverslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og skyldar vörur		

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fannst eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi, en orðið hefur við kröfum um úrbætur og því er ekki lengur um frávik að ræða. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók fyrir stöð Skeljungs á Akureyri, skráningar og mælingar sem kröfur eru gerðar um. Skeljungur hefur í notkun mánaðarlegt skráningarblað sem er notað á öllum birgðastöðvum þeirra, þar sem skráð er ýmist viðhald og eftirlit í birgðastöðvunum.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Átta geymar eru í stöðinni. Allir hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Löndunarlagnir voru þrýstiprófaðar árið 2008. Afgreiðslulagnir á áfyllingarplan eru niðurgrafnar og við eftirlit hafði þrýstiprófun á lögnunum ekki farið fram. Nú hafa niðurstöður þrýstiprófana borist stofnuninni og því er þetta atriði ekki lengur skráð sem frávik.

Tvær olíuskiljur eru í stöðinni. Önnur þjónustar allar þærnar þrjár og efnagreining í maí sl. sýnir olíuleifar í frárennsli er undir þeim kröfum sem settar eru í starfsleyfi. Niðurstöður mælingar er 1,5 ppm. Hin olíuskiljan þjónustar áfyllingarplani og gólfniðurfalli í dæluhúsi. Þar reyndust olíuleifar undir greiningarmörkum aðferðarinnar. Í góðu lagi.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró), olíuskilja og fráveitumál. Loki í frárennsli þróa stóð lokaður eins og vera ber. Girðingar og hlið voru í góðu lagi.



## FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>

### Frávik:

Engin frávik eru frá kröfum í starfsleyfi.

### Athugasemd:

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

### Önnur mál:

Krafa í starfsleyfi, grein 3.2, um að þrýstiprófa skuli lagnir. Í grein 2.5 segir að frágangur á geymum og lögnum fyrir eldfíma vökva skuli vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi frá landi.

Niðurstöður þrýstiprófana á fjórum afgangslögnum á áfyllingarplan bárust til stofnunarinnar þann 2. nóvember sl. og því telst ekki lengur um frávik að ræða.

Reykjavík, 7/11/2011

---

Undirskrift eftirlitsaðila

---

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.